



Sameining sveitarfélaga á Suðurlandi

Unnið fyrir Ásahrepp

Höfundur:

Stefán Þór Gunnarsson



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir

Markmið rannsóknar

Dagsetning skýrsluskila

Ásahrepp

Að skoða hug fólks til sameiningar sveitarfélaga á Suðurlandi

16. febrúar 2022

Ábyrgðaraðilar

Útgefandi

Höfundur

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Stefán Þór Gunnarsson



Efnisyfirlit

Inngangur	6
Framkvæmd og heimtur	7
Bakgrunnsupplýsingar	8
Niðurstöður	9
Opin svör	15



Töfluyfirlit

Tafla 1.	Framkvæmd könnunarinnar.....	7
Tafla 2.	Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri og ríkisfangi og þýðis	7
Tafla 3.	Kyn	8
Tafla 4.	Aldur	8



Myndayfirlit

Mynd 1.	Ert þú fylgjandi eða mótfallin(n) sameiningu Ásahrepps við annað eða önnur sveitarfélög?9
Mynd 2.	Hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu eftirtalinna sveitarfélaga?10
Mynd 3.	Hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu eftirtalinna sveitarfélaga?11
Mynd 4.	Hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu sveitarfélaga innan Rangárvallasýslu (Ásahreppur, Rangárþing ytra og Rangárþing eystra)?12
Mynd 5.	Hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu Ásahrepps og Rangárþings ytra?13
Mynd 6.	Hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu Ásahrepps, Rangárþings ytra, Skeiða og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps?14

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra spurninga sem spurðar voru í könnun sem hafði það að markmiði að skoða hug fólks í Ásahreppi til sameiningar sveitarfélaga á Suðurlandi. Meðfram alþingiskosningum 2021 var kosið um sameiningu Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps og leiddu niðurstöður í ljós að mikill meirihluti íbúa Ásahrepps var mótfallinn sameiningu. Í þessari könnun er hugur íbúa til þeirra sameiningar ekki kannaður þar sem hann liggur fyrir en hugur íbúa til þriggja annara útfærslna á sameiningu er athugaður.

Könnunin náði til allra íbúa, 18 ára og eldri, sem skráðir eru með búsetu í Ásahreppi. Af þeim er stór hluti erlendir ríkisborgarar. Illa tókst að ná í þá þar sem símanúmer eru í mörgum tilfellum ekki skráð og reynslan sýnir að stór hluti þeirra er ekki lengur búsettur í hreppnum eða á Íslandi yfir höfuð.

Framkvæmd og heimtur

Úrtakið var þýðisúrtak, þar sem reynt var að hafa samband við alla íbúa Ásahrepps 18 ára og eldri.

Tafla 1. Framkvæmd könnunarinnar

Framkvæmdarmáti	Síma- og netkönnun
Tímabil gagnaöflunar	21.01.2022 - 10.2.2022
Fjöldi svarenda	107



Í töflu 2 má sjá dreifingu meðal svarenda og í þýði eftir kyni, aldri og ríkisfangi. Aðeins 5% erlendra ríkisborgara sem skráðir eru með búsetu í Ásahreppi svöruðu spurningunum og dró það heildarsvarhlutfall töluvert niður eða í 52% (sjá töflu 2). Sjötíu og eitt prósent íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru á svæðinu svöruðu spurningalistanum. Yngri íbúar svöruðu síður spurningunum en þeir sem eldri eru en ekki var mikill munur á svörum eftir kyni. Þar sem ekki er um úrtak að ræða voru gögnin ekki vigtuð.

Tafla 2. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri og ríkisfangi og þýðis



	Úrtak	Svarendur	Svarhlutfall (brúttó)
Allir	204	107	52%
Karlar	104	54	52%
Konur	100	53	53%
55 ára og eldri	73	55	75%
54 ára og yngri	131	52	40%
Íslenskir ríkisborgarar			
Allir	147	104	71%
Karlar	74	54	73%
Konur	73	50	68%
55 ára og eldri	71	54	76%
54 ára og yngri	76	50	66%
Erlendir ríkisborgarar			
Allir	57	3	5%

Bakgrunnsupplýsingar

Tafla 3. Kyn


	Fjöldi	Hlutfall svarenda		
Karlar	54	50%		50%
Konur	53	50%		50%
Alls	107	100%		

Tafla 4. Aldur

	Fjöldi	Hlutfall svarenda		
54 ára og yngri	52	49%		49%
55 ára og eldri	55	51%		51%
Alls	107	100%		


Niðurstöður

Meirihluti fólks í Ásahreppi vill ekki sameinast öðrum sveitarfélögum eins og sjá má á mynd 1. Spurt var „Ert þú fylgjandi eða mótfallin(n) sameiningu Ásahrepps við annað eða önnur sveitarfélög?“ og voru 56% svarenda mótfallnir. Karlar voru frekar á móti (60%) en konur (51%) og þau sem eru eldri en 54 ára voru frekar á móti (62%) en þau sem yngri eru (49%).




Mynd 1. Ert þú fylgjandi eða mótfallin(n) sameiningu Ásahrepps við annað eða önnur sveitarfélög?

Af þeim sem voru fylgjandi sameiningu voru flestir hlyntir sameiningu Ásahrepps við Rangárþing ytra og Rangárþing eystra eða 72% af þeim sem fylgjandi voru einhvers konar sameiningu (sjá mynd 2). Af öllum þátttakendum voru 36% sammála þessari útfærslu á sameiningu sem er töluvert hærra hlutfall en í kosningum 2021 um sameiningu Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps þar sem 21% íbúa hreppsins voru hlyntir sameiningu. Næst flestir voru hlyntir sameiningu við Rangárþing ytra eða 66% þeirra sem voru fylgjandi einhvers konar sameiningu en það var um 32% af heildinni. Lang fæstir voru hlyntir sameiningu Ásahrepps, Rangárþings ytra, Skeiða og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps eða 40%, sem er aðeins 19% af öllum þátttakendum, en það er svipað hlutfall og kaus með sameiningu haustið 2021.




Mynd 2. Hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu eftirtalinna sveitarfélaga?

Á mynd 3 má sjá hversu fylgjandi eða mótfallnir íbúar Ásahrepps eru hverri útfærslu sameiningar fyrir sig. Þeir sem svara „hvorki né“ eru ekki teknir með í þessa útreikninga.




Mynd 3. Hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu eftirtalinna sveitarfélaga?

Af þeim sem eru fylgjandi sameiningu er hærra hlutfall karla (78%) en kvenna (65) hlynnt sameiningu innan Rangárvallasýslu en ekki var mikill munur eftir aldri eins og sjá má á mynd 4.




Mynd 4. Hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu sveitarfélaga innan Rangárvallasýslu (Ásahreppur, Rangárþing ytra og Rangárþing eystra)?

Á mynd 5 sést að af þeim sem eru fylgjandi einhvers konar sameiningu var yngra fólk mun frekar hlynnt sameiningu Ásahrepps og Rangárþing ytra en eldra fólk. Ekki var mikill munur eftir kynjum en karlar voru þó ívið meira fylgjandi þessari sameiningu (69%) en konur (61).



Mynd 5. En hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu Ásahrepps og Rangárþings ytra?

Íbúum leist að jafnaði verst á sameiningu Ásahrepps, Rangárbings ytra, Skeiða og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps. Í heildina reyndust 39% þátttakenda vera fylgjandi þeirri útfærslu. Yngra fólk var þó frekar fylgjandi þeirri tillögu en eldra fólk en ekki var munur eftir kynjum.



Mynd 6. En hversu fylgjandi eða mótfallin(n) ert þú sameiningu Ásahrepps, Rangárbings ytra, Skeiða og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps?